

# *Ársskýrsla Alþingis*

STÖRF 129. LÖGGJAFARÞINGS 2003  
og 130. LÖGGJAFARÞINGS 2003–2004  
REKSTUR ÁRIÐ 2003



Inngangur	5
<hr/>	
129. löggjafarþing	
Forsætisnefnd	7
Þingstjórn	8
Þingmál og þingfundir .....	8
Þingnefndir .....	8
Þingflokksfundir .....	9
Þingmenn og þingflokkar á 129. þingi	10
Alþingismenn kjörnir 10. maí 2003 .....	10
Þingflokkar á 129. þingi .....	11
Erlend samskipti	12
Alþjóðastarf á vegum forseta Alþingis .....	12
Alþjóðanefndir .....	12
<hr/>	
130. löggjafarþing	
Forsætisnefnd	15
Þingstjórn	16
Þingmál .....	16
Þingfundir .....	16
Þingnefndir .....	18
Þingflokksfundir .....	19
Þingmenn og þingflokkar á 130. þingi	20
Erlend samskipti	21
Alþjóðastarf á vegum forseta Alþingis .....	21
Alþjóðanefndir .....	22
Útgáfa þingmála og efnis þingfunda	23
Upplýsinga- og tæknimál 2003	24
Skrifstofa Alþingis 2003	25
Yfirstjórn skrifstofu Alþingis .....	25
Skipulag skrifstofunnar .....	25
Starfsfólk .....	26

---

Húseignir Alþingis 2003	28
Stofnanir Alþingis 2003	29
Umboðsmaður Alþingis .....	29
Ríkisendurskoðun .....	29
Jónshús í Kaupmannahöfn .....	29
Sérstök verkefni 2003	29
Þjóðvinafélagið .....	29
Skönnun Alþingistíðinda .....	29
Rekstur Alþingis 2003	31
Rekstrargjöld .....	32
Staðfesting forseta Alþingis og skrifstofu .....	33
Áritun endurskoðenda .....	33
Rekstrarreikningur 2003 .....	34
Efnahagsreikningur 2003 .....	35
Skýringar með ársreikningi 2003.....	36



Í þessari ársskýrslu er greint frá störfum Alþingis á 129. löggjafarþingi (sumarþingi 2003) og 130. löggjafarþingi (2003–2004) auk þess sem birt er yfirlit um rekstur þingsins fyrir fjárhagsárið 2003.

Alþingi kom saman til fyrsta fundar síns á nýju kjörtímabili mánudaginn 26. maí 2003 en samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar skal stefna Alþingi saman eigi síðar en tíu vikum eftir almennar alþingiskosningar. Var þetta 129. löggjafarþing og jafnframt 24. aukarþing í röðinni frá því að Alþingi kom fyrst saman sem löggjafarþing 1875. Þingfundum á 129. löggjafarþingi lauk 27. maí, en ýmsar fastanefndir þingsins komu saman til funda um sumarið, auk þess sem þingmenn sinntu að venju þátttöku í alþjóðlegu þingmannasamstarfi. Sé eingöngu horft til þingfundadaga á 129. löggjafarþingi var þetta þing, ásamt 57. löggjafarþingi 1941, stysta aukarþingið í sögu Alþingis.

130. löggjafarþing var fyrsta reglulega þingið á kjörtímabilinu og var það sett miðvikudaginn 1. október 2003 en samkvæmt 35. gr. stjórnarskrárinnar skal reglulegt Alþingi koma saman ár hvert hinn fyrsta dag októbermánaðar eða næsta virkan dag ef helgidagur er. Þinghald stóð til 28. maí 2004 og var þá störfum Alþingis frestað. Um sumarið var þingfrestun rofin og Alþingi kallað saman að nýju 5. júlí og stóð það þinghald til 22. júlí.

Við hverjar alþingiskosningar verða yfirleitt verulegar breytingar á skipan þingsins og stór hópur nýrra þingmanna tekur að jafnaði sæti á Alþingi. Þannig var það einnig í alþingiskosningunum 2003 en þá voru átján nýir alþingismenn kjörnir. Fjöldi nýrra þingmanna var því 28,6% af þingmannahópnum sem er aðeins yfir meðalnýliðun á Alþingi á tímabilinu 1934–2003 sem var 27%. Sé horft 20 ár aftur í tímann og tekið mið af alþingiskosningunum 1983 sitja nú einungis fjórir alþingismenn á Alþingi af þeim sem kjörnir voru til þings 1983.

Sú breyting varð á skipan Alþingis á 130. þingi að Tómas Ingi Olrich sagði af sér þingmennsku 31. desember 2003 og tók Arnbjörg Sveinsdóttir sæti hans og varð 6. þm. Norðausturkjördæmis. Árni R. Arnason lést þann 16. ágúst 2004. Sæti hans tók Kjartan Ólafsson og varð 8. þm. Suðurkjördæmis.

Í þingfrestun á 129. og 130. þingi (sumarmánuðina 2003 og 2004) var unnið að viðamiklum endurbótum og viðhaldi á 1. og 2. hæð Alþingishússins. Þessar endurbætur hafa miðað að því að færa Alþingishúsið í upprunalegt horf og tryggja um leið varðveislu þess sem einnar af mestu gersemum þjóðarinnar. Stefnit er að því að ljúka framkvæmdum á árinu 2005 og er fyrirhugað að gera þá endurbætur á 3. hæð hússins.

Um störf Alþingis og reksturinn að öðru leyti vísast til þess sem segir hér á eftir.

*Friðrik Ólafsson,  
skrifstofustjóri Alþingis.*





Á þingfundi þriðjudaginn 27. maí 2003 var Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust., endurkjörinn forseti Alþingis. Á fundi sama dag voru kjörnir varaforsetar Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest., Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykjav. s., Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykjav. s., Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykjav. s., Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust., og Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykjav. s. Skipuðu þau forsætisnefnd ásamt forseta Alþingis. Fundi forsætisnefndar sitja einnig jafnan Friðrik Ólafsson skrifstofustjóri, Helgi Bernóðsson aðstoðarskrifstofustjóri, Karl M. Kristjánsson, rekstrar- og fjármálastjóri, og Þorsteinn Magnússon, forstöðumaður almennrar skrifstofu, sem er ritari forsætisnefndar.

Verkefni forsætisnefndar er einkum að skipuleggja þinghaldið (m.a. að gera starfsáætlun og vikuáætlanir), hafa umsjón með alþjóðasamstarfi sem Alþingi tekur þátt í, fjalla um fjárhagsáætlanir fyrir þingið og stofnanir þess og setja almennar reglur um rekstur þingsins og stjórnáætlun. Nefndin fjallar enn fremur um málefni þeirra stofnana sem undir Alþingi heyra, þ.e. umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar og Húss Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn.

Á 129. löggjafarþingi voru haldnir 3 fundir í forsætisnefnd.



*Eftir hverjar alþingiskosningar er stutt sumarþing. 129. löggjafarþing var sett 26. maí 2003 en þingfundum lauk daginn eftir og var þingstörfum þá frestað til septemberloka. Það er annað tveggja stystu aukapinga í sögu Alþingis. Á myndinni sjást, talið frá vinstri, í ystu röð: Katrín Júlíusdóttir, Pétur H. Blöndal, Einar Már Sigurðarson, Guðmundur Hallvarðsson og Jóhanna Sigurðardóttir. Í annarri röð: Birkir J. Jónsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Sólveig Pétursdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir og Drífa Hjartardóttir. Í innstu röð: Lúðvik Bergvinsson, Guðlaugur Þ. Þórðarson og Birgir Ármannsson. Í sal efri deildar inn af þingsal sést bluti boðsgesta við þingsetningu en þeir eru m.a. fyrrverandi forsetar sameinaðs Alþingis, hæstaréttardómarar, ráðuneytisstjórar, umboðsmaður Alþingis, ríkisendurskoðandi, forsetaritari og sendimenn erlendra ríkja.*



# Pingstörfin

## PINGMÁL OG PINGFUNDIR

Forseti Íslands setti 129. löggjafarþing skv. 35. gr. stjórnarskrárinnar mánudaginn 26. maí 2003. Þingfundum lauk daginn eftir, 27. maí. Var þá þingstörfum frestað til septemberloka. Þingfundir voru fjórir og fóru einungis fram hefðbundin störf að loknum alþingiskosningum sem fram höfðu farið 10. maí, svo sem rannsókn kjörbréfa, kosning forseta og annarra embættismanna þingsins, kosningar í fastanefndir Alþingis og í ýmsar nefndir, stjórnir og ráð á vegum þingsins. Jafnframt flutti forsætisráðherra stefnuræðu sína og fór fram umræða um hana. Tvö þingmál voru lögð fyrir þingið og var hefðbundin frestunartillaga samþykkt. Heildarfundartíminn á 129. löggjafarþingi var átta og hálf klukkustund.

## PINGNEFNDIR

Fastanefndir Alþingis eru tólf: allsherjarnefnd, efnahags- og viðskiptanefnd, félagsmálanefnd, fjárlaganefnd, heilbrigði-

is- og trygginganefnd, iðnaðarnefnd, landbúnaðarnefnd, menntamálanefnd, samgöngunefnd, sjávarútvegsnefnd, umhverfisnefnd og utanríkismálanefnd, auk kjörbréfanefndar sem hefur m.a. það verkefni að rannsaka kjörbréf nýrra þingmanna og varaþingmanna. Haldinn var einn fundur í kjörbréfanefnd. Kosid var í fastanefndir á þingsetningarfundum 129. löggjafarþings. Níu þingmenn sitja í hverri fastanefnd fyrir utan fjárlaganefnd en þar sitja ellefu þingmenn. Til utanríkismálanefndar eru að auki kosnir níu varamenn.

Engum þingmálum var vísað til fastanefndanna á 129. löggjafarþingi en nokkrar nefndanna funduðu í júlí og ágúst um ýmis málefni sem vörðuðu þeirra málaflokka. Samtals voru haldnir 29 fundir sem stóðu samtals í 57 klst. og voru 126 gestir boðaðir á þá fundi.

Á hverju ári eiga fastanefndir þingsins þess kost að fara í lengri eða skemmri vettvangsferðir innan lands. Flestar lengri

ferðirnar eru farnar að sumarlagi og fór meiri hluti nefndanna í slíkar ferðir á 129. löggjafarþingi.

Félagsmálanefnd fór í tvær ferðir í september. Í fyrri ferðinni var farið um Suðurnes og kynnti nefndin sér starfsemi Þroskahjálpar á Suðurnesjum, Hæfingarstöðvarinnar og Félagsmálastofnunar Reykjanesbæjar og hélt síðan fund með Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum þar sem fjölmargir fulltrúar ýmissa félagsamtaka ræddu atvinnumál og atvinnuástand. Í seinni ferðinni fóru nefndarmenn í Sólheima í Grímsnesi og kynntu sér starfsemi og aðstöðu þar. Þaðan var haldið til Selfoss og fundað með sveitarstjórnarmönnum af Suðurlandi og farið á svæðisskrifstofu málefna fatlaðra. Að lokum fundaði nefndin með félagsmálaráðherra í Hveragerði.

Fjárlaganefnd fór um Austurland í september þar sem hún átti fundi með sveitarstjórnarmönnum í kjördæminu og skoðaði ýmis verkefni sem unnið er að þar



*Gengið til Dómkirkju við upphaf þingsetningarathafnar 129. löggjafarþings. Þeir sem sjást á myndinni eru Davíð Oddsson forsætisráðherra, Halldór Blöndal, forseti Alþingis, Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, Geir H. Haarde fjármálaráðherra, Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra, Guðni Ágústsson landbúnaðar- ráðherra og Sturla Böðvarsson samgönguráðherra.*



eystra. Auk nefndarmanna voru vegamálastjóri, aðstoðarvegamálastjóri og siglingamálastjóri með í förinni.

Heilbrigðis- og trygginganefnd fór í ferð um Suðurland í byrjun september í því skyni að kynna sér starfsemi heilbrigðisstofnana í landsfjórðungnum. Nefndin skoðaði Heilbrigðisstofnun Suðausturlands og Heilbrigðisstofnunina á Selfossi auk þess sem hún kynnti sér starfsemi réttargeðdeildarinnar að Sogni, heilsugæslunnar í Vík og Heilsustofnunar NLFÍ í Hveragerði. Einnig var fundað með fulltrúum Landspítala – háskólasjúkrahúss meðan á ferðinni stóð.

Iðnaðarnefnd fór austur á land til að kynna sér framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun, hitta sveitarstjórnarmenn og ræða um áhrif framkvæmdanna á sveitarfélögin. Þá kynnti nefndin sér jarðgangagerð úr Fáskrúðsfirði og jarðhitaleit á Eskifirði og heimsótti stofnanir.

Landbúnaðarnefnd fór norður í Húnavatnssýslur og Skagafjörð og kynnti sér stöðu landbúnaðar, menntunar og atvinnulífs þar nyrðra. Rætt var við sveitarstjórnarmenn og farið í fyrirtæki og stofnanir. Nefndin hélt í samvinnu við búnaðarsamböndin fjölsóttan fund með bændum í sýslunum um stöðu, horfur og framtíðarsýn í landbúnaði og ferðaþjónustu.

Samgöngunefnd fór um Austurland og Norðausturland. Nefndarmenn skoðuðu ferjuhöfnina á Seyðisfirði og framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun. Á Norðausturlandi voru vegaf framkvæmdir á Tjörnesi skoðaðar og hafnarframkvæmdir á Húsavík.

Sjávarútvegsnefnd fór í tveggja daga ferð um Suðurland. Nefndarmenn fóru í nokkur fiskvinnslufyrirtæki og fyrirtæki tengd sjávarútvegi á Suðurnesjum, í Þorlákshöfn og í Vestmannaeyjum og ræddu við útgerðarmenn.

Árvisv haustfundur efnahags- og viðskiptanefndar var að þessu sinni haldinn í Viðey. Aðalræðuefni var samspil velferðarkerfis og skattkerfis og lögín frá sjónarhóli borgaranna.

Dagana 25.–26. ágúst var haldinn samráðsfundur formanna utanríkismálanefnda þjóðþinga Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna og sótti Sólveig Pétursdóttir, formaður utanríkismálanefndar Alþingis, fundinn. Formaður utanríkismálanefndar litáíska þingsins, Gediminas Kirkilas, boðaði til fundarins og var hann sóttur af formönnum utanríkismálanefnda þjóðþinga allra landanna að Danmörku undanskilinni. Málefni fundarins voru meðal annars hlutverk utanríkismálanefnda þjóðþinga og samstarf þeirra eftir stækkingun Evrópusambandsins, stefna Evrópu-



*Kjörbrefanefnd að störfum við upphaf 129. löggjafarþings þegar kjörbref 63 aðalmanna og jafnarmagna varamanna voru rannsökuð og úrskurðir felldir um ágreiningsseðla úr alþingiskosningum skv. 104 gr. kosningalaga. Af 18 nýjum þingmönnum höfðu 13 ekki tekið sæti á Alþingi áður. Einar K. Guðfinnsson, formaður kjörbrefanefndar, Hafís Ólafsdóttir nefndarritari, Lúðvík Bergvinsson og Þorgerður K. Gunnarsdóttir.*

sambandsins í samskiptum við ný grannríki ESB og hlutverk þeirra í Evrópusamrunanum og þróun samskipta við ríki Suður-Kákasus.

Þá fóru fastanefndir í nokkrar styttri heimsóknir í stofnanir og fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágrenni þess.

#### ÞINGFLOKKSFUNDIR

Þingflokksfundir eru að jafnaði haldnir tvisvar í viku á þingtíma en eftir þörfum í þinghléum. Á 129. þingi héldu þingflokkarnir á bilinu 4–10 fundi hver.

#### SKIPAN ÞINGFLOKKA VIÐ UPPHAF 129. LÖGGJAFARÞINGS

Þingflokkar	Fjöldi	Karlar	Konur
Framsóknarflokkur	12	8	4
Frjálslyndi flokkurinn	4	4	
Samfylkingin	20	11	9
Sjálfstæðisflokkur	22	18	4
Vinstri hreyfingin – grænt framboð	5	3	2
	63	44	19

# Þingmenn og þingflokkar á 129. þingi

Kosið var til Alþingis 10. maí 2003 og fengu fimm stjórn mála flokkar kjörna fulltrúa. Tveir varamenn tóku sæti á 129.

þingi. Hlutfall kvenna á Alþingi lækkaði í 30,2% en það var 36,5% fyrir alþingiskosningarnar.

## ALÞINGISMENN KJÖRNIR 10. MAÍ 2003

### REYKJAVÍK NORÐUR:

1. Össur Skarphéðinsson (S),
2. Davíð Oddsson (D),
3. Bryndís Hlöðversdóttir (S),
4. Björn Bjarnason (D),
5. Guðrún Ögmundsdóttir (S),
6. Guðlaugur Þór Þórðarson (D),
7. Halldór Ásgrímsson (B),
8. Kolbrún Halldórsdóttir (U),
9. Helgi Hjörvar (S),
10. Sigurður Kári Kristjánsson (D),
11. Árni Magnússon (B).

### REYKJAVÍK SUÐUR:

1. Geir H. Haarde (D),
2. Jóhanna Sigurðardóttir (S),
3. Pétur H. Blöndal (D),
4. Ásta R. Jóhannesdóttir (S),
5. Sólveig Pétursdóttir (D),
6. Jónína Bjartmarz (B),
7. Mördur Árnason (S),
8. Guðmundur Hallvarðsson (D),
9. Ögmundur Jónasson (U),
10. Ágúst Ólafur Ágústsson (S),
11. Birgir Ármannsson (D).

### SUÐVESTURKJÖRDÆMI:

1. Árni M. Mathiesen (D),
2. Guðmundur Árni Stefánsson (S),
3. Gunnar Birgisson (D),
4. Rannveig Guðmundsdóttir (S),
5. Siv Friðleifsdóttir (B),
6. Sigríður A. Þórðardóttir (D),
7. Þórunn Sveinbjarnardóttir (S),
8. Þorgerður K. Gunnarsdóttir (D),
9. Katrín Júlíusdóttir (S),
10. Gunnar Örylgsson (F),
11. Bjarni Benediktsson (D).

### NORÐVESTURKJÖRDÆMI:

1. Sturla Böðvarsson (D),
2. Jóhann Ársælsson (S),
3. Magnús Stefánsson (B),
4. Einar K. Guðfinnsson (D),
5. Guðjón A. Kristjánsson (F),
6. Anna Kristín Gunnarsdóttir (S),
7. Kristinn H. Gunnarsson (B),
8. Jón Bjarnason (U),
9. Einar Oddur Kristjánsson (D),
10. Sigurjón Þórðarson (F).

### NORÐAUSTURKJÖRDÆMI:

1. Valgerður Sverrisdóttir (B),
2. Halldór Blöndal (D),
3. Kristján L. Möller (S),
4. Jón Kristjánsson (B),
5. Steingrímur J. Sigfússon (U),
6. Tómas Ingi Olrich (D),
7. Einar Már Sigurðarson (S),
8. Dagný Jónsdóttir (B),
9. Birkir J. Jónsson (B),
10. Þuríður Backman (U).

### SUÐURKJÖRDÆMI:

1. Margrét Frímannsdóttir (S),
2. Árni R. Árnason (D),
3. Guðni Ágústsson (B),
4. Lúðvík Bergvinsson (S),
5. Drífa Hjartardóttir (D),
6. Hjálmar Árnason (B),
7. Björgvin G. Sigurðsson (S),
8. Guðjón Hjörleifsson (D),
9. Magnús Þór Hafsteinsson (F),
10. Jón Gunnarsson (S).

### SKAMMSTAFANIR

B = Framsóknarflokkur, D = Sjálfstæðisflokkur,  
F = Frjálslyndi flokkurinn, S = Samfylkingin,  
U = Vinstri hreyfingin – grænt framboð.

## ÞINGFLOKKAR Á 129. ÞINGI

### FRAMSÓKNARFLOKKUR:

1. Árni Magnússon, 11. þm. Reykv. n.
2. Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.
3. Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.
4. Guðni Ágústsson, 3. þm. Suðurk.
5. Halldór Ásgrímsson, 7. þm. Reykv. n.
6. Hjálmar Árnason, 6. þm. Suðurk.
7. Jón Kristjánsson, 4. þm. Norðaust.
8. Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.
9. Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.
10. Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.
11. Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.
12. Valgerður Sverrisdóttir, 1. þm. Norðaust.

### FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN:

1. Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest.
2. Gunnar Örylgsson, 10. þm. Suðvest.
3. Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk.
4. Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvest.

### SAMFYLKINGIN:

1. Anna Kristín Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðvest.
2. Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s.
3. Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.
4. Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.
5. Bryndís Hlökkversdóttir, 3. þm. Reykv. n.
6. Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.
7. Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.
8. Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.
9. Helgi Hjörvar, 9. þm. Reykv. n.
10. Jóhann Ársælsson, 2. þm. Norðvest.
11. Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.
12. Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.
13. Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.
14. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.
15. Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.
16. Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.
17. Mörður Árnason, 7. þm. Reykv. s.
18. Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.
19. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.
20. Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

### SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR:

1. Árni R. Árnason, 2. þm. Suðurk.
2. Árni M. Mathiesen, 1. þm. Suðvest.
3. Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.
4. Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.
5. Björn Bjarnason, 4. þm. Reykv. n.
6. Davíð Oddsson, 2. þm. Reykv. n.
7. Drífa Hjartardóttir, 5. þm. Suðurk.
8. Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.
9. Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.
10. Geir H. Haarde, 1. þm. Reykv. s.
11. Guðjón Hjörleifsson, 8. þm. Suðurk.
12. Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.
13. Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.
14. Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.
15. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.
16. Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s.
17. Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.
18. Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n.
19. Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.
20. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Norðvest.
21. Tómas Ingi Olrich, 6. þm. Norðaust.
22. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 8. þm. Suðvest.

### VINSTRI HREYFINGIN – GRÆNT FRAMBOÐ:

1. Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest.
2. Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n.
3. Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.
4. Púriður Backman, 10. þm. Norðaust.
5. Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.

## ALÞJÓÐASTARF Á VEGUM FORSETA ALÞINGIS

### Opinberar heimsóknir forseta Alþingis

Forseti Alþingis, Halldór Blöndal, var í opinberri heimsókn í Slóveníu 1.–4. september 2003 í boði Bort Pahor, forseta slóvenska þingsins. Þingmennirnir Guðmundur Árni Stefánsson og Einar K. Guðfinnsson voru með í för. Í heimsókninni átti forseti Alþingis og fylgdarlið fundi með forseta slóvenska þingsins, Bort Pahor, og slóenskum þingmönnum, sem og forsætisráðherra Slóveníu, Anton Rop, utanríkisráðherra Slóveníu, Dimitri Rupel, og mennta- og menningarmálaráðherra Slóveníu, Andreju Richter.

### Opinberar heimsóknir til Alþingis

Dagana 27. september til 3. október 2003 voru þrjú bandarískir fylkisþingmenn úr öldungadeild Kaliforníuþings í opinberri heimsókn á Íslandi í boði forseta Alþingis. Sendinefndin hitti ýmsa aðila og kynnti sér sérstaklega orkumál, sjávarútvegsmál, líftækni, almannavarnir og atvinnu- og efnahagsmál. Sendinefndin átti viðræður við Davíð Oddsson forsætisráðherra og þáði hádegisverð í hans boði. Þá átti nefndin fund með forseta Íslands að Bessastöðum. Sendinefndin fór einnig í skoðunarferð um Norðurland.

### Fundir þingforseta

Dagana 1.–4. júlí 2003 var haldinn fundur vestnorrænna þingforseta í Qaqortoq á Suður-Grænlandi. Halldór Blöndal, forseti Alþingis, Jonathan Motzfeldt, forseti grænlenka landsþingsins, og Eymund Joensen, forseti færeyska lögþingsins, sóttu fundinn. Á fundinum var rædd samvinna vestnorrænu ríkjanna og efling vestnorræns samstarfs.

Dagana 25.–26. ágúst 2003 var haldinn fundur norrænna og baltneskra þingforseta í Palanga í Litáen og sótti forseti Alþingis fundinn.

### Þátttaka í öðru alþjóðastarfi

Þingið í Slésvík-Holtsetalandi býður Alþingi árlega til þátttöku í Kílarvíkunni svonefndu. Þingmönnum frá Norðurlöndunum, Eystrasaltsríkjunum, Póllandi, Rússlandi og víðar að er boðið til tveggja daga ráðstefnu um málefni sem efst eru á baugi hverju sinni, svo sem öryggismál og umhverfismál. Kílarvíka 2003 var haldin dagana 21.–24. júní og sótti Halldór Blöndal, forseti Alþingis, hana.

Á ynni Mön er haldin árleg þinghátíð í júlí undir berum himni á Þingvöllum (Tynwald). Þekking Manarbúa á þingstörfum að fornu er að mestu fengin úr íslenskum bókmenntum. Alþingi er boðið til hátíðarinnar ár hvert og fulltrúi Alþingis að þessu sinni var Guðmundur Árni Stefánsson, 1. varaforseti Alþingis. Manarþingið var haldið 5.–8. júlí.

Dagana 6.–8. júlí fóru fram hátíðarhöld í Ríga, höfuðborg Letlands, þar sem því var fagnað að 10 ár voru liðin frá endurreisn lettneska þingsins. Sólveig Pétursdóttir, 3. varaforseti Alþingis, sótti hátíðarhöldin fyrir hönd Alþingis.

### Opinberar heimsóknir í Alþingishúsið

Hinn 8. september 2003 kom Luo Gan, sem sæti á í framkvæmdastjórn stjórnsmálaráðs miðstjórnar kínverska kommúnistaflokksins, í heimsókn í Alþingishúsið og átti fund með alþingismönnum. Sama dag þáðu Luo Gan og sendinefnd kvöldverð í Valhöll á Þingvöllum í boði forseta Alþingis.

### Aðrar heimsóknir til Alþingis

Hópur þýskra fylkisþingmanna kom í Alþingishúsið 11. júlí 2003 og átti fund með alþingismönnum.

17. júlí 2003 kom þingmannasendinefnd frá Taílandi í Alþingishúsið og átti fund með fulltrúum þingflokka.

Neytenda-, landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd þýska þingsins kom í Alþing-

ishúsið og ræddi við alþingismenn 22. ágúst 2003.

Franskur þingmaður, Alain Claes, kom í Alþingishúsið 9. september 2003 og átti fund með alþingismönnum.

Dagana 19.–25. september heimsótti fjárlaganefnd færeyska þingsins Alþingi og fundaði með forseta Alþingis og fulltrúum fjárlaganefndar, sem og fulltrúum Ríkisendurskoðunar og fjármálaráðuneytis.

## ALÞJÓÐANEFNDIR

Á Alþingi starfa níu alþjóðanefndir (Íslandsdeildir alþjóðlegra þingmannasamtaka) sem sinna þátttöku þingsins í þeim fjölþjóðlegu þingmannasamtökum sem Alþingi á aðild að. Á 129. þingi störfuðu alþjóðanefndir með venjubundnum hætti. Nefndir funduðu allar á fyrstu dögum nýs þings og kusu sér formann og varaformann.

**Alþjóðaðþingmannasambandið (IPU).** Á 129. þingi sótti formaður Íslandsdeildar norrænan samráðsfund IPU í september 2003, og eina ráðstefnu á vegum IPU. Jafnframt sóttu fulltrúar Íslandsdeildar nefndafundi og fundi IPU-ráðsins í september.

**Evrópuráðsþingið** hefur aðsetur í Strassborg. Á 129. þingi sótti Íslandsdeild III. hluta Evrópuráðsþingsins í júní og IV. hluta þingsins í september. Fulltrúar Íslandsdeildar sóttu auk þess nefndafundi Evrópuráðsþingsins í september 2003.

**NATO-þingið** kemur saman tvisvar á ári en þingfundur var ekki haldinn á meðan 129. þing stóð. Fulltrúi Íslandsdeildar fór í ársferð NATO-þingsins í júlí 2003.

**Norðurlandaráð** hélt árlega júnífundu sína í Finnlandi og árlega septemberfundu í Danmörku sem öll Íslandsdeildin sótti. Fulltrúar Íslandsdeildar sóttu auk þess ýmsa nefndafundi á 129. þingi og sumarfundur eftirlitsnefndar Norðurlandaráðs var á Akureyri í ágúst 2003. Fulltrúar Íslandsdeildar tóku á móti framkvæmda-



*Halldór Blöndal, forseti Alþingis, tekur á móti sendinefnd frá fylkisþingi Kaliforníu sem var í opinberri heimsókn 27. september til 3. október 2003.*

stjóra Norrænu ráðherranefndarinnar í júní 2003.

**Vestnorræna ráðið** stóð fyrir árlegri þemaráðstefnu sinni í Ilulissat á Grænlandi í júní 2003 og Íslandsdeild sótti hana. Fjallaði ráðstefnan um heilbrigðismál. Ráðið hélt einnig ársfund á 129. þingi sem fram fór að Eiðum í Færeyjum í ágúst 2003 og sótti Íslandsdeild fundinn.

Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE-þingsins) sótti ársfund ÖSE-þingsins í Rotterdam í júlí 2003.

Þing Vestur-Evrópusambandsins (VES-þingið) kom saman í Strassborg í júní 2003 og sótti Íslandsdeild þingið.

Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA sótti einn fund þingmannanefndarinnar á 129. þingi sem haldinn var í Kristiansand í Noregi í júní 2003.

**Þingmannaráðstefna um norðurskautsmál** var ekki haldin á 129. þingi, en formaður Íslandsdeildar sótti fund þingmannanefndar um norðurskautsmál í Stokkhólmi í júní 2003.





Á þingsetningarfundum miðvikudaginn 1. október 2003 var Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust., endurkjörinn forseti Alþingis og sama dag voru endurkjörnir varaforsetar Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest., Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykjav. s., Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykjav. s., Jóhanna Sigurðardóttir 2. þm., Reykjav. s., Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust., og Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykjav. s. Skipuðu þau forsætisnefnd ásamt forseta Alþingis. Líkt og á fyrri þingum voru fastir fundir forsætisnefndar á þingtíma haldnir á mánudagsmorgnum. Á 130. löggjafarþingi voru haldnir 29 fundir í forsætisnefnd.

Skipulag þinghaldsins og ýmsir þættir er varða þingstörfin voru sem á fyrri þingum veigamesti þátturinn á fundum nefndarinnar á 130. löggjafarþingi. Því til viðbótar komu einkum til umfjöllunar mál er vörðuðu fjármál og rekstur þingsins og ýmis erindi frá þingmönnum.

Í framhaldi af föstum fundum forsætisnefndar á forseti fund með formönnum þingflokka þar sem farið er yfir drög að áætlunum fyrir þingfundi vikunnar auk þess sem rædd eru ýmis önnur atriði er varða skipulag þingstarfa.



130. löggjafarþing stóð yfir frá 1. október til 15. desember 2003, frá 28. janúar til 28. maí 2004 og frá 5.–22. júlí 2004 er því var frestað. Á þingtímanum urðu þingfundadagar alls 112. Á myndinni sjást, talið frá vinstri, í ystu röð: Guðjón A. Kristjánsson, Mördur Árnason, Sigurður Kári Kristjánsson, Kjartan Ólafsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Gunnar Örlygsson og Ögmundur Jónasson. Í annarri röð: Margrét Frimannsdóttir, Sigurjón Þórðarson, Kristján L. Möller, Hjálmar Árnason og Magnús Þór Hafsteinsson. Í innstu röð er Þórunn Sveinbjarnardóttir.




# Þingstörfin

Forseti Íslands setti 130. löggjafarþing skv. 35. gr. stjórnarskrárinnar fyrsta dag októbermánaðar 2003. Þingið var að störfum frá 1. október til 15. desember 2003, frá 28. janúar til 28. maí 2004 og síðan frá 5. til 22. júlí 2004 en þá var fundum þess frestað til septemberloka. Þingfundir voru alls 138 á 112 þingfundardögum. Lengsti þingfundurinn stóð í u.þ.b. 17 klst. Vikan 19.–26. október var kjördæmavika og lágu þingfundir þá niðri svo að þingmönnum gæfist tækifæri til fundarhalda í kjördæmum. Alls voru sextán starfsdagar eingöngu helgaðir nefndastarfi.

## ÞINGMÁL

Það mál, sem setti mestan svip á þingstörfin, var frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum. Frumvörp voru alls 220 og þar af voru 122 samþykkt sem lög. Tillögur til þingsályktunar voru 139 og voru 30 samþykktar sem ályktanir Alþingis. Fyrirspurnir voru 617 og var 566 svarað.





## ÞINGMÁL Á 130. LÖGGJAFARÞINGI

Flutningsmenn	Frumvörp til laga
Ríkisstjórnin	Frumvörp alls: 126 Lög: 109 (afgreidd samhljóða: 64, með ágreiningi: 45) Óafgreidd: 17
Stjórnarþingmenn	Frumvörp alls: 24 Lög: 3 (afgreidd samhljóða: 1, með ágreiningi: 2) Óafgreidd: 21
Stjórnarandstöðuþingmenn	Frumvörp alls: 61 Lög: 1 (afgreitt samhljóða)
Nefnd eða meiri hluti nefndar	Frumvörp alls: 9 Lög: 9 (afgreidd samhljóða)
Flutningsmenn	Tillögur til þingsályktunar
Ríkisstjórnin	Þingsályktunartillögur alls: 24 Þingsályktanir: 24 (afgreiddar samhljóða: 18, með ágreiningi: 6)
Stjórnarþingmenn	Þingsályktunartillögur alls: 24 Þingsályktanir: 3 (afgreiddar samhljóða) Óafgreiddar: 21
Stjórnarandstöðuþingmenn	Þingsályktunartillögur alls: 90 Þingsályktanir: 3 (afgreiddar samhljóða) Vísað til ríkisstjórnar: 2 Óafgreiddar: 85
Nefnd eða meiri hluti nefndar	Þingsályktunartillögur alls: 1 Óafgreidd: 1
Flutningsmenn	Fyrirspurnir
Stjórnarþingmenn	Munnlegar fyrirspurnir: 47 (þar af svarað: 39, ekki svarað: 8) Skriflegar fyrirspurnir: 56 (öllum svarað) Óundirbúnar fyrirspurnir: 3 (öllum svarað)
Stjórnarandstöðuþingmenn	Munnlegar fyrirspurnir: 263 (þar af svarað: 230, ekki svarað: 24, kallaðar aftur: 9) Skriflegar fyrirspurnir: 251 (þar af svarað: 241, ekki svarað: 10) Óundirbúnar fyrirspurnir: 44 (öllum svarað)
Flutningsmenn	Skýrslur (skriflegar)
Ríkisstjórn	Skýrslur: 26 (þar af skýrslur samkvæmt beiðni: 4)
Nefnd	Skýrslur: 9 (frá alþjóðanefndum)


Óundirbúnar fyrirspurnir voru 47. Skriflegar skýrslur voru 35, beiðnir um skýrslur voru sex og bárust fjórar skýrslur. Að auki voru fluttar sjö munnlegar skýrslur, skýrsla umboðsmanns Alþingis, skýrsla ríkisendurskoðunar og fimm frá ráðherrum. Umræður um störf þingsins í upphafi þingfundar fóru fram 58 sinnum. Umræður utan dagskrár voru 45 og hófu stjórnarandstöðuþingmenn þær allar nema tvær.

### ÞINGFUNDIR

Á 130. þingi var heildarfundartími 658 klst. Hann skiptist svo: Ræður um frumvörp: 392 klst., ræður um þingsályktunartillögur: 62 klst., atkvæðagreiðslur: 35 klst., skýrslur: 31 klst., svör við fyrirspurnum, bæði munnlegum og óundirbúnum: 60 klst., utandagskrárumræður: 25 klst., ræður um störf þingsins í upphafi fundar og um fundarstjórn forseta: 17 klst., almennar stjórn málaumræður, stefnuræða forsætisráðherra og umræður um hana: 4 klst., annað (t.d. tafir milli dagskrárliða, hlé, tilkynningar forseta, útbýting þingskjala, minningarorð, kosningar og setning og slit þingfunda): 32 klst.



124. og 129. löggjafarþing voru stutt aukaping eftir alþingiskosningar 1999 og 2003 og ekki tekin með í þessu yfirliti.





Heilbrigðis- og trygginganefnd að störfum. Á 130. löggjafarþingi héldu fastanefndir alls 423 fundi og 1.834 gestir komu á fundi þeirra. Á myndinni eru frá vinstri: Þuríður Backman, Sigríður A. Þórðardóttir, Drífa Hjartardóttir, Jónína Bjartmarz, formaður nefndarinnar, Eva Margrét Ævarsdóttir nefndarritari og Margrét Frimannsdóttir. Aðrir nefndarmenn voru Ágúst Ólafur Ágústsson, Dagný Jónsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir og Pétur H. Blöndal.

#### ÞINGNEFNDIR

Kosið var í fastanefndir á fyrsta fundi 130. löggjafarþings. Héldu fastanefndir fundi venju samkvæmt fyrir hádegi þingfundardagana. Þá voru 16 dagar ætlaðir eingöngu til nefndastarfa. Alls héldu fastanefndir 423 fundi sem stóðu í samtals 757 klst. Samtals komu 1.834 gestir á fundi nefndanna.

291 þingmáli var vísað til fastanefndanna á 130. löggjafarþingi.

Nefndirnar sendu 6.551 beiðni um umsagnir um samtals 222 þingmál og bárust um 3.200 erindi. Þá bárust 137 erindi um önnur mál.

Af 291 þingmáli, sem vísað var til nefnda, voru 187 lagafrumvörp, þar af 122 frá ríkisstjórn en 65 flutt af þingmönnum.

Nefndirnar afgreiddu með nefndaráliti 118 lagafrumvörp, 111 stjórnarfrumvörp og sjö þingmannafrumvörp.

Af þingsályktunartillögum, sem vísað var til nefnda, var 21 frá ríkisstjórn en 83 frá þingmönnum.

Alls var 21 stjórnartillaga afgreidd með nefndaráliti en níu þingmannatillögur. Þingsályktunartillögur um þingfrestun, sem voru þrjár á þinginu, voru afgreiddar við eina umræðu og var þeim ekki vísað til nefndar.

Nefndirnar luku ekki afgreiðslu á 143 þingmálum, 11 frá ríkisstjórn og 132 frá þingmönnum.

#### NEFNDASTÖRF Á 130. ÞINGI

Fundir	Fundartími (klst.)	Mál til nefnda	Nefndarálit	Breytingartillögur	Umsagnarbeiðnir	Erindi til nefnda	Gestir nefnda	Afgreidd mál	Mál flutt af nefnd
Allsherjarnefnd	63	136	60	27	1.060	483	231	21	5
Efnahags- og viðskiptanefnd	53	105	50	32	948	502	302	24	1
Félagsmálanefnd	28	41	31	15	683	255	118	12	1
Fjárlaganefnd	44	95	5	18	0	587	230	4	0
Heilbrigðis- og trygginganefnd	34	55	20	14	330	125	164	9	1
Iðnaðarnefnd	32	56	15	12	688	237	146	12	0
Landbúnaðarnefnd	36	60	13	18	625	154	153	9	2
Menntamálanefnd	21	20	20	7	543	130	80	7	0
Samgöngunefnd	25	49	18	12	458	165	113	11	0
Sjávarútvegsnefnd	30	42	12	13	311	143	96	9	0
Umhverfisnefnd	37	69	17	10	727	297	138	8	0
Utanríkismálanefnd	20	29	29	24	178	52	63	22	0
Sérnefnd (um stjórnarskrármál)	0	0	1	0	0	0	0	0	0
Alls	423	757	290	202	6.551	3.130	1.834	148	10

Fastanefndir eða meiri hlutar þeirra fluttu nýu frumvörp í eigin nafni og hlutu öll þeirra lokaafgreiðslu. Einnig flutti ein nefnd tillögu til þingsályktunar en hún var ekki afgreidd.

Á hverju ári fara fastanefndir þingsins í lengri eða styttri vettvangsferðir innan lands.

Í september fór samgöngunefnd í ferð um Skagafjörð og fleiri sveitir norðanlands. Með í förinni voru vegamálastjóri, siglingamálastjóri og flugmálastjóri auk fulltrúa samgönguráðuneytis. Í ferðinni voru framkvæmdir og aðstæður í samgöngumálum skoðaðar auk þess sem farið var heim að Hólum og í Vesturfarasetrið á Hofsósi og samgönguminjasafnið Ystafelli.

Landbúnaðarnefnd fór um Suðurland og var tilgangur ferðarinnar m.a. að skoða nýjungar í atvinnustarfsemi s.s. nýttísku fjós, hestabúgarð, lífræna ræktun og raforku- og kornframleiðslu. Þá fékk nefndin kynningu á starfsemi Búnaðarsambands Suðurlands og tilraunabúsins á Stóra-Ármóti, Landgræðslu ríkisins og Mjólkurbús Flóamanna á Selfossi.

Fjárlaganefnd fór í tveggja daga ferð um Vestfirði og átti m.a. fundi með sveitarstjórnarmönnum. Með í förinni voru vegamálastjóri og aðstoðarvegamálastjóri, siglingamálastjóri og ríkisendurskoðandi.

Í september fór sjávarútvegsnefnd um Norðausturkjördæmi og heimsótti Akureyri, Dalvík, Hrísey og Siglufjörð. Megintilgangur ferðarinnar var að kynna starfsemi fyrirtækja sem tengjast sjávarútvegi og vinnslu sjávarafurða og að funda með fulltrúum hagsmuna- og launþegasamtaka á því sviði. Nefndin kynnti sér einnig Verðlagsstofu skiptaverðs, auðlindaeild Háskólans á Akureyri og Síldarminjasafnið á Siglufirði. Þá átti nefndin fund með bæjarstjóra og bæjarráði Akureyrar.

Formaður og varaformaður utanríkismálanefndar sóttu samráðsfundi formanna utanríkismálanefnda þjóðþinga



*Í umræðum um stefnuvæðu forsætisráðherra við upphaf 130. löggjafarþings flutti þingmaður í fyrsta sinn ræðu á táknumáli á Alþingi. Það gerði Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, varaþingmaður Frjálslynda flokksins í Suðvesturkjördæmi. Auk hennar sjást á myndinni Puriður Backman og táknumálistúlkarnir Sigrún Edda Theódórsdóttir og Lilja Kristín Magnúsdóttir.*

Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkjanna sem voru haldnir í Stokkhólmi í nóvember 2003 og Tallinn í apríl 2004. Á dagskrá fundanna voru m.a. stefna Evrópusambandsins í málefnum grannríkja ESB, öryggis- og varnarmál og málefni Rússlands og Suður-Kákasusríkjanna. Í september héldu formennirnir svo fund í Reykjavík í boði Sólveigar Pétursdóttur, formanns utanríkismálanefndar Alþingis. Til fundarins voru allir formenn utanríkismálanefndanna boðaðir auk þess sem Richard Lugar, formaður utanríkismálanefndar öldungadeildar Bandaríkjaþings, var sérstakur gestur fundarins en hann hefur unnið markvisst að aðgerðum gegn útbreiðslu geryðingarvopna. Á fundinum var einkum rætt um öryggis- og varnarmál, ástandið í Miðausturlöndum og aðgerðir gegn útbreiðslu geryðingarvopna í heiminum.

Þá fóru fastanefndir í nokkrar vettvangsferðir í stofnanir og fyrirtæki á höf-

uðborgarsvæðinu og í næsta nágrenni þess.

## ÞINGFLOKKSFUNDIR

Þingflokksfundir eru að jafnaði haldnir tvisvar í viku á þingtíma en eftir þörfum í þinghléum. Á 130. þingi hélt þingflokkur Framsóknarflokks 66 fundi, þingflokkur Frjálslynda flokksins u.þ.b. 70 fundi, þingflokkur Samfylkingarinnar um 80 fundi, þingflokkur Sjálfstæðisflokks 58 fundi og þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs 61 fund.

# Þingmenn og þingflokkar á 130. þingi

Tómas Ingi Olrich lét af þingmennsku 31. desember 2003, Arnbjörg Sveinsdóttir tók sæti hans og varð 6. þm. Norðausturkjördæmis. Við það hækkaði

hlutfall kvenna á Alþingi í 31,7%. Árni R. Arnason lést 16. ágúst 2004. Sæti hans tók Kjartan Ólafsson og varð 8. þm. Suð-urkjördæmis. Óvenjumargir varamenn

tóku sæti á 130. þingi, alls 28 varamenn í 40 skipti. Af þeim tóku 16 sæti á Alþingi í fyrsta sinn.

## FRAMSÓKNARFLOKKUR:

1. Árni Magnússon, 11. þm. Reykv. n.
2. Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.
3. Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.
4. Guðni Ágústsson, 3. þm. Suðurk.
5. Halldór Ásgrímsson, 7. þm. Reykv. n.
6. Hjálmar Arnason, 6. þm. Suðurk.
7. Jón Kristjánsson, 4. þm. Norðaust.
8. Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.
9. Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.
10. Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.
11. Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.
12. Valgerður Sverrisdóttir, 1. þm. Norðaust.

## FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN:

1. Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest.
2. Gunnar Örylgsson, 10. þm. Suðvest.
3. Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk.
4. Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvest.

## SAMFYLKINGIN:

1. Anna Kristín Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðvest.
2. Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s.
3. Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.
4. Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.
5. Bryndís Hlökkversdóttir, 3. þm. Reykv. n.
6. Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.
7. Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.
8. Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.
9. Helgi Hjörvar, 9. þm. Reykv. n.
10. Jóhann Ársælsson, 2. þm. Norðvest.
11. Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.
12. Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.
13. Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.
14. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.
15. Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.
16. Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.
17. Mörrur Arnason, 7. þm. Reykv. s.
18. Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.
19. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.
20. Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

## SJÁLFASTÆÐISFLOKKUR:

1. Árni R. Arnason, 2. þm. Suðurk.  
Kjartan Ólafsson frá 16. ágúst 2004 (varð 8. þm. kjördæmisins)
2. Árni M. Mathiesen, 1. þm. Suðvest.
3. Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.
4. Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.
5. Björn Bjarnason, 4. þm. Reykv. n.
6. Davíð Oddsson, 2. þm. Reykv. n.
7. Drífa Hjartardóttir, 5. þm. Suðurk.\*
8. Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.
9. Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.
10. Geir H. Haarde, 1. þm. Reykv. s
11. Guðjón Hjörleifsson, 8. þm. Suðurk.\*\*
12. Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.
13. Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.
14. Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.
15. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.
16. Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s.
17. Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.
18. Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n.
19. Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.
20. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Norðvest.
21. Tómas Ingi Olrich, 6. þm. Norðaust.  
Arnbjörg Sveinsdóttir frá 1. janúar 2004
22. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 8. þm. Suðvest.

## VINSTRI HREYFINGIN – GRÆNT FRAMBOÐ:

1. Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest.
2. Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n.
3. Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.
4. Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.
5. Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.

\* 2. þm. kjördæmisins frá 16. ágúst 2004.

\*\* 5. þm. kjördæmisins frá 16. ágúst 2004.



## ALÞJÓÐASTARF Á VEGUM FORSETA ALÞINGIS

### Opinberar heimsóknir forseta Alþingis

Forseti Alþingis þáði boð fylkisþingsins í Kaliforníu og var þar ytra ásamt sendinefnd 12.–19. ágúst 2004. Skoðaðir voru markverðir staðir og rætt við ýmsa aðila. Meginumræðuefni voru sjávarútvegsmál og málefni hafsins, viðskiptamál, almannavarnir, menntamál og orkumál. Forseti Alþingis ávarpaði fylkisþingið.

30. ágúst – 1. september fór forseti í opinbera heimsókn til Svíþjóðar í boði sænska þingforsetans. Hann dvaldist í Sigtúnum og Uppsölum þar sem hann átti m.a. fundi með forsvarsmönnum háskólans. Á fundi með forseta sænska þingsins var rætt ítarlega um alþjóðastarf þinganna tveggja og norrænt samstarf.

Forseti var í opinberri heimsókn á Álandseyjum 1.–3. september 2004. Hann átti fund með forseta þingsins, formönnum þingflokka og fleiri ráðamönnum.

### Opinberar heimsóknir til Alþingis

Dagana 10.–13. maí 2004 kom dr. Katalin Szili, forseti ungerska þingsins, í opinbera heimsókn til Íslands ásamt sendinefnd í boði Alþingis. Í ferð sinni átti dr. Szili fundi með forseta Alþingis, Halldóri Blöndal, og fulltrúum utanríkismálanefndar Alþingis. Þá átti dr. Szili viðræður við forsætisráðherra, utanríkisráðherra og umhverfisráðherra. Ungverski þingforsetinn og fylgdarlið fór auk þess í skoðunarferð til Þingvalla, Nesjavalla og fleiri staða á Suðurlandi.

3.–7. júlí 2004 tók Alþingi á móti gestum frá fylkisþinginu í Bremen. Þeir ferðuðust um Norðurland og dvöldust í Reykjavík þar sem þeir áttu fundi með alþingismönnum og aðilum úr viðskiptalíf-inu.

Varaforseti kínverska þingsins, Wang Zhaogou, heimsótti Alþingi dagana 9.–12. júlí 2004. Með honum í för voru



Forseti ungerska þingsins, dr. Katalin Szili, var í opinberri heimsókn á Íslandi dagana 10.–13. maí 2004 í boði Halldórs Blöndals, forseta Alþingis.

fjórir þingmenn auk embættismanna. Gestirnir funduðu með forseta Alþingis, formanni utanríkismálanefndar og fulltrúum þingflokka, auk þess sem þeir hittu ýmsa aðra ráðamenn. Umræður snerust að mestu um utanríkis- og alþjóðamál, mannréttindamál, uppbyggingarstarf í Kína og starfsemi þinganna.

Tvær forsætisnefndir norrænna þinga komu í september 2004 til að kynna sér ýmsa þætti í starfsemi Alþingis. Forsætisnefnd norska Stórþingsins heimsótti Alþingi dagana 8.–11. september. Forsætisnefnd danska þingsins heimsótti Alþingi dagana 21.–23. september.

### Opinberar heimsóknir í Alþingishúsið

Eftirtaldir tignargestir heimsóttu Alþingishúsið á 130. þingi:

Kanadískir þingmenn úr fylgdarliði landsstjóra Kanada komu í Alþingishúsið 10. október 2003. Hinn 14. október 2003 bauð forseti Alþingis til hádegisverðar í Mývatnssveit til heiðurs lands-

stjóranum, Adrienne Clarkson, og fylgdarliði.

Sun Jiazheng, menningarmálaráðherra Kína, kom í Alþingishúsið 23. október 2003.

Theo-Ben Gurirab, forsætisráðherra Namibíu, kom í Alþingishúsið 11. nóvember 2003.

Arnold Rüütel, forseti Eistlands, kom í Alþingishúsið 4. maí 2004. Hann hiti forseta Alþingis og átti fund með fulltrúum þingflokka.

### Aðrar heimsóknir til Alþingis

Sendinefnd frá ráðgjafarþinginu í Sáadí Arabíu var í heimsókn dagana 29.–30. mars 2004 og átti fund með íslenskum þingmönnum.

Forseti Alþingis bauð forseta skoska þingsins, George Reid, til hádegisverðar með þingmönnum og embættismönnum 10. apríl 2004 en hann var staddur hér í einkaerindum.



*Friðrik Ólafsson, skrifstofustjóri Alþingis, og Halldór Blöndal, forseti Alþingis, taka á móti Arnold Rüütel, forseta Eistlands, sem kom í heimsókn í maí 2004.*

Bandaríski öldungardeildarþingmaðurinn James Jeffords kom í Alþingishúsið 15. apríl 2004, átti fund með forseta Alþingis og þáði kvöldverð í boði þingsins.

#### ALÞJÓÐANEFNDIR

Á 130. þingi störfuðu alþjóðanefndir með venjubundnum hætti. Nefndir funduðu allar á fyrstu vikum nýs þings og kusu sér formann og varaformann.

**Alþjóðaþingmannasambandið (IPU)** heldur tvö þing á ári, auk smærri funda. Á 130. þingi var þing haldið í Mexíkóborg í apríl 2004. Formaður Íslandsdeildar sótti einnig tvo norræna samráðsfundi í Noregi og þingmannafund í tengslum við UNCTAD XI.

**Evrópuráðsþingið** hefur aðsetur í Strassborg. Íslandsdeildin sótti alla fjóra þingfundi Evrópuráðsþingsins sem haldnir voru á 130. þingi. Einnig sóttu þingmenn Íslandsdeildar fjölmarga nefndafundi.

**NATO-þingið** kemur saman tvisvar á ári. Ársfundur NATO-þingsins árið 2003 var í nóvember í Orlandó og vorfundur

NATO-þingsins árið 2004 var í Bratislava í maí. Íslandsdeild tók virkan þátt í þessum fundum og fulltrúar hennar sóttu fjölmarga nefndafundi á tímabilinu.

**Norðurlandaráðsþing** var haldið í Ósló í lok október 2003. Þingmenn Íslandsdeildar tóku að vanda þátt í starfi nefnda og flokkahópa á vegum Norðurlandaráðs og sóttu fjölmarga nefndafundi ráðsins.

Í lok október 2003 fundaði forsætisnefnd **Vestnorræna ráðsins** í Ósló í tengslum við Norðurlandaráðsþingið sem þar var haldið og hélt einnig samráðsfundi með vestnorrænum samstarfsráðherrum. Í mars 2004 var einnig haldinn forsætisnefndarfundur í Kaupmannahöfn. Í apríl var þemaráðstefna um orkumál. Ársfundur ráðsins var haldinn á Grænlandi í ágúst og var formaður Íslandsdeildar við það tækifæri kjörinn formaður ráðsins til eins árs.

**Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE)** sótti vetrarfundi ÖSE-þingsins sem haldnir voru í Vítnarborg í febrúar 2004 og Íslandsdeild-

in sótti ÖSE-þing í Edinborg í júlí 2004. Formaður Íslandsdeildar sótti einnig aukafund stjórnarnefndar í Róm í október 2003.

**Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA** sótti reglulega fundi á vegum nefndarinnar á 130. þingi, þ.e. fjóra fundi þingmannanefndar EFTA (þar af tvo með ráðherraráði EFTA) og tvo fundi þingmannanefndar EES. Framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA átti fundi með þingmönnum í Eystrasaltsríkjunum og þingmönnum í Rúmeníu og Búlgaríu um Evrópumál. Íslandsdeildin átti auk þess fundi með Evrópunefnd ítalska þingsins og Evrópunefnd hollenska þingsins.

**Þingmannaráðstefna um norðurskautsmál** var haldin á Grænlandi í september 2004. Jafnframt sótti formaður Íslandsdeildar fundi þingmannanefndar um norðurskautsmál í Reykjavík í október 2003, í Ósló í mars 2004 og í Helsinki í maí.

#### Annað alþjóðastarf

Alþingi sendir fulltrúa á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna á hverju hausti. Að venju var þátttakendum Alþingis skipt í tvo hópa og sátu þeir allsherjarþingið tíu daga í senn. Í fyrri hópnum, sem fór utan um miðjan október, voru tveir fulltrúar, og í seinni hópnum, sem fór utan í lok október, voru fjórir fulltrúar.



# Útgáfa þingmála og efnis þingfunda



Þegar Alþingi var kallað saman í júlí 2004 stóðu framkvæmdir við Alþingishúsið sem hæst. Gert var blé á þeim og bráðabirgðaaðstöðu var komið upp fyrir starfsmenn þingfundasviðs. Úlfar Sveinbjörns-son upptökustjóri hljóðritaði þingfundi af þingpöllum.

Umræður á Alþingi, ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum, skal prenta í Alþingistíðindum skv. 1. mgr. 88. gr. þingskapa. Útgáfa þingtíðinda á 130. þingi bar þess merki að þingið varð mun lengra en starfsáætlun gerði ráð fyrir og þingið með allra lengstu þingum seinni ára. Aldrei hafa þingskjöl verið fleiri á einu þingi.

## ÞINGMÁL (lausaskjöl, vefútgáfa þingskjala og skjalahefti).

**Lausaskjöl:** Þingskjölum er útbýtt á þingfundi og eru þau sett á vefinn um leið og þeim hefur verið útbýtt. Þingskjöl urðu samtals 1.902.

**Skjalahefti:** Skjölin á 130. þingi eru gefin út í u.þ.b. 24 skjalaheftum, samtals um 7.000 blaðsíður, en í þeirri útgáfu eru sum skjölin styttn, þ.e. fellt er brott efni sem hefur birst áður eða er aðgengilegt annars staðar, einkum fylgiskjöl.

## ÞINGRÆÐUR (hefti og vefútgáfa þingræðna).

**Umræðuhefti:** Ræðuheftin á 130. þingi urðu alls 22, samtals tæplega 9.000 dalkar.


**Vefútgáfa:** Ræðutexti er settur á vef Alþingis, sem er aðgengilegur öllum, að jafnaði einum til tveimur dögum eftir að ræður eru fluttar í þingsal. Á álagstímum, eins og fyrir jólahlé og þingfrestun að vori, getur líðið lengri tími þar til ræðurnar birtast á vefnum.

## LÖG OG ÞINGSÁLYKTANIR

Lög, sem Alþingi hefur samþykkt, er að finna á vef þingsins undir síðasta þingskjalsnúmeri máls. Jafnframt er stjórnartíðindanúmer skráð þegar lögin hafa verið gefin út í Stjórnartíðindum. Lögin urðu samtals 122 á 130. þingi. Þingsályktanir, sem urðu samtals 30, er jafnframt að finna undir síðasta þingskjalsnúmeri málsins.

## AÐALEFNISYFIRLIT

Aðalefnisyfirlit Alþingistíðinda fyrir 130. þing kemur út 2005.



Starfsmenn þingfundasviðs taka við skjölum sem lögð eru fram á Alþingi og gefa þeim málsnúmer og skjalanúmer í þeirri röð sem þau berast. Heiti og númer allra skjala er handskrifað í skjalaskrá Alþingis.

# Upplýsinga- og tæknimál 2003



Berglind Steinsdóttir, starfsmaður á skrifstofu Alþingis, sýnir nemendum málverk af þjóðfundinum í forsal Alþingishússins. Árlega er tekið á móti meira en 5.000 gestum á Alþingi.

Endurnýjun upplýsingakerfa Alþingis hófst í upphafi árs 2003. Verkinu er skipt í nokkra hluta: gagnagrunnsforritun sem hlotið hefur nafnið Embla, innleiðingu skjalavistunarkerfisins Documentum og innleiðingu XML-skjalagerðar fyrir ræður, þingskjöl og lagasafn. Verkið er að mestum hluta unnið af sérfræðingum sem ráðnir voru til skrifstofu Alþingis. Íslenska verkfræðistofan annast XML-forritun og Tölvu- og verkfræðistofan hefur eftirlit með framkvæmdum.

Eftir kosningar voru þingmönnum lagðar til ferðatölvur til heimanota. Tölvurnar eru tengdar netinu með ADSL-tengingu. Stýrikerfið MS-Windows XP og hugbúnaðarsamstæðan MS Office 2002 voru sett upp í tölvum þingmanna og meirihluta starfsfólks.

Gestir á vef Alþingis, [www.althingi.is](http://www.althingi.is), voru að meðaltali 37.790 á mánuði árið 2003. Gestum fækkar í um 22.000 á mánuði í þinghléum. Flettingar voru 2.942.886 á árinu (245.240 á mánuði) í 692.443 innlitum yfir árið (57.703 á mánuði). Hámarki nær notkun á vefnum í kringum þingfrestun í desember og að vori. Rúmlega 400 fyrirspurnir bárust í

tölvupósti til ritstjóra vefs Alþingis árið 2003. Langflestar vörðuðu leit að þingmálum og ræðum og öðru efni tengdu þingsstörfunum.

Árið 2003 komu 5.626 gestir í Alþingishúsið (5.343 árið 2002). Íslendingar voru 4.464 og erlendir gestir 1.162. Flestir gestanna eru nemendur sem koma í skipulögðum heimsóknum á vegum skóla. Vegna framkvæmda á 1. hæð Alþingishússins og í Skála sumarið 2003 var ekki hægt að taka á móti gestum frá byrjun júlí og fram yfir miðjan ágúst.

Forseti Alþingis tekur á móti fjölda gesta í Alþingishúsinu en þeir eru ekki taldir með í fyrirgreindum tölum, né eru þar taldir gestir sem koma á þingpalla til að hlýða á þingfundi.

Upplýsingaþjónusta Alþingis aðstoðar þingmenn og starfsmenn við öflun upplýsinga úr prentuðu og rafrænu efni. Árið 2003 var samið um aðgang að upplýsingaveitu OECD, Efnahags- og framfarastofnunarinnar, fyrir alla á staðarneti Alþingis auk þeirra upplýsingaveitna sem fyrir eru. Sú nýbreytni var tekin upp á árinu að aðgangur var veittur að yfirliti yfir þætti sem pantaðir hafa verið frá útvarpi

og sjónvarpi og skrifaðir upp. Einnig gefst kostur á að nálgast þættina rafrænt. Bóka-kostur Alþingis er skráður í landskerfið Gegni sem er öllum opið sem hafa aðgang að netinu.

Fyrirspurnir og beiðnir til upplýsingaþjónustu voru álfka margar og síðustu ár. Þær voru samtals 2.184 (árið 2002 voru þær 2.211). Leitir í gagnagrunnum og á bókasafni voru þó nokkuð fleiri og voru 3.593 á árinu (sambærileg tala árið 2002 var 2.224).

Í skjalaafgreiðslu eru afgreidd þingskjöl til stofnana og almennings. Einnig er fyrirspurnum varðandi þingskjöl svarað í síma. Gestum í skjalaafgreiðslu fer fækkanandi ár frá ári en þeir voru 421 árið 2003 (árið 2002 voru þeir 534). Fyrirspurnir í síma voru 1.908 árið 2003 (2.017 árið 2002). Þessi fækkun skýrist af því að þeim fjölgar sem nota vef Alþingis til að skoða þingskjöl og ræður.



## YFIRSTJÓRN SKRIFSTOFU ALÞINGIS

Samkvæmt þingsköpum (9. gr.) hefur forseti Alþingis æðsta vald í stjórnsýslu þess og heyrir skrifstofan því undir hann. **Skrifstofustjóri Alþingis** er yfirmaður skrifstofunnar, ráðinn af forsætisnefnd, og stjórnar hann skrifstofunni í umboði forseta.

Ásamt skrifstofustjóra mynda aðstoðarskrifstofustjóri og rekstrar- og fjármálastjóri yfirstjórn skrifstofunnar, framkvæmdastjórn.

**Aðstoðarskrifstofustjóri** hefur yfirumsjón með þeirri starfsemi skrifstofunnar sem lýtur að hinu eiginlega þingstarfi. Í því felst m.a. umsjón með undirbúningi þingmála og þingfunda. Hann er jafnframt staðgengill skrifstofustjóra Alþingis.

**Rekstrar- og fjármálastjóri** hefur umsjón með daglegum rekstri þingsins sem tengist ekki eiginlegum þingstörfum. Í því felst meðal annars yfirumsjón með fjármálum og starfsmannahaldi auk reksturs fasteigna. Rekstrar- og fjármálastjóra til aðstoðar er rekstrarskrifstofa.

## SKIPULAG SKRIFSTOFUNNAR

Hlutverk **almennrar skrifstofu** er að vera forseta Alþingis, skrifstofustjóra og yfirstjórn skrifstofunnar til aðstoðar.

Skrifstofan hefur því á hendi úrlausn sérhæfðra verkefna og sameiginlegt skrifstofuhald fyrir forseta, skrifstofustjóra og yfirstjórn. Forstöðumaður almennrar skrifstofu er jafnframt ritari forsætisnefndar og yfirstjórnar.

Helstu verkefni **þingfundasviðs** eru undirbúningur þingfunda, upptaka og úrvinnsla umræðna á þingfundum, þar með talin útgáfa ræðuparts Alþingistíðinda, bæði á vefsíðum og á prenti (B-hluti Alþingistíðinda) og efnisyfirlits Alþingistíðinda. Jafnframt skráning og afgreiðsla þingmála, aðstoð við þingmenn á þingfundum, skjalavarsla og sérverkefni (t.d. æviágrip þingmanna á íslensku og ensku). Upplýsingar um gang þingfunda og dagskrárgerð er tímafrekur þáttur í starfi sviðsins. Unnið er í fjarvinnslu fyrir þingfundasviðið á þremur stöðum á landinu, í Reykjavík, á Hvammstanga og á Ólafsfirði.

**Nefndasvið** Alþingis hefur tvö meginhlutverk. Annað er aðstoð við fastanefndir Alþingis. Í því felst undirbúningur að starfi nefnda, fagleg aðstoð við yfirferð mála og gerð nefndarálita og breytingartillagna. Þá aðstoðar nefndasvið þingmenn við þingmálagarð og veitir þeim og yfirstjórn þingsins lögfræðilega ráðgjöf.

Hitt meginhlutverk sviðsins er útgáfa þingskjala, bæði á prenti og á vefsíðum, og skjalaparts Alþingistíðinda (A-hluta), svo og uppfærsla og umsjón með útgáfu lagasafns. Einnig er veigamikill þáttur í starfi nefndasviðs að veita aðilum utan þings upplýsingar er lúta að nefndastarfi þingsins, fulltrúum félagasamtaka og stofnana sem og einstaklingum.

**Upplýsinga- og tæknisvið** annast upplýsingaþjónustu, almannatengsl og tölvuþjónustu. Upplýsingaþjónusta sinnir skjalaafgreiðslu og upplýsingaþjónustu fyrir þingmenn og starfsfólk og rekur bókasafn Alþingis. Almannaatengsl annast vefritstjórn, ritstjórn kynningarefnis, móttöku gesta og úrlausn fyrirspurna frá almenningi. Tölvudeild rekur tölvunet og tölvu- og hugbúnað Alþingis og annast tillögugerð og framkvæmdir á sviði upplýsingakerfa og tölvumála.

Helstu verkefni **þjónustusviðs** eru þingvarsla, ritaraþjónusta, símavarsla, rekstur mótuneytis og ræsting. Í þingvörslu felst ýmis almenn þjónusta, svo sem dreifing fundarboða og þingskjala, sendingar milli húsa, öryggisvarsla í Alþingishúsi og næturvarsla. Ritara starfa í húsum þar sem þingmenn hafa skrifstofu-aðstöðu. Miðstöð símavörslu er á aðal-





*Þingverðir sjá m.a. um að útbýta þingskjölum til þingmanna í þingsal. Gudfinna Gísladóttir leggur fjárlagafrumvarpið á borð þingmanna við upphaf 130. löggjafarþings ásamt fleiri þingvörðum.*

skiptiborði í Alþingishúsi en nokkur milliskiptiborð eru í símkerfinu.

Hlutverk **alþjóðasviðs** er að sinna þjónustu við alþjóðanefndir þingsins, alþjóðastarfi sem heyrir undir forseta Alþingis og prátókollsmálum (siðareglum) auk þess að veita þingmönnum faglega aðstoð á sviði alþjóðamála. Jafnframt aðstoðar sviðið þingmenn við undirbúning fyrir þátttöku í alþjóðlegum fundum, annast samskipti við erlendar stofnanir og erindreka, sinnir gagna- og upplýsingaöflun og undirbýr alþjóðlega þingmannafundi sem haldnir eru á Íslandi. Þá skipuleggur alþjóðasvið opinberar heimsóknir til Alþingis og á þess vegum til annarra landa, sem og móttöku erlendra tignar gesta í Alþingishúsinu.

Frá áramótum 2002–2003 hefur alþjóðasvið annast rekstur skrifstofu þingmannanefndar um Norðurskautsmál fyrir hönd aðildarþinga nefndarinnar.

Meginverkefni **rekstrarskrifstofunnar** eru gerð rekstrar- og framkvæmdaáætlunar og umsjón með bókhaldi, ferðaheimildum og ferðauppgjöri auk móttöku og greiðslu reikninga. Rekstrarskrifstofa heldur utan um starfsmannamál og

launavinnslu og annast rekstur og viðhald fasteigna ásamt húsbúnaði.

#### STARFSFÓLK

Stöðugildi við reglulega starfsemi á skrifstofu Alþingis voru 98 í árslok 2003 að meðtöldu starfsfólki í afleysingastörfum. Karlar voru í 40 stöðugildum en konur í 58 stöðugildum. Í árslok 2002 voru stöðugildin 97.

Á árinu voru ráðnir 8 starfsmenn en 7 létu af störfum, þar af fóru tveir á eftirlaun.

Stöðugildi við tímabundin verkefni voru 7 í árslok 2003, 4 karlar og 3 konur. Þar af voru þrír starfsmenn við skönnun Alþingistíðinda á Ólafsfirði. Fjórir starfsmenn unnu við endurgerð upplýsingakerfa Alþingis á skrifstofunni.

Í Kaupmannahöfn er umsjónarmaður Jónshúss í einu stöðugildi.

Tveir verktakar unnu í Reykjavík við fjarvinnslu ræðna á þingfundasviði. Verktaki á Hvammstanga vann við innslátt á aðalefnisyfirliti Alþingistíðinda.

Auk þess unnu að jafnaði fjórtán einstaklingar í hlutastörfum við ræstingar í húseignum Alþingis.

Enn fremur sá skrifstofa Alþingis um greiðslu launa starfsmanns Vestnorræna ráðsins.

#### STARFSMENN SKRIFSTOFU ALÞINGIS Í JANÚAR 2003

##### Yfirstjórn skrifstofu Alþingis:

Friðrik Ólafsson skrifstofustjóri.

Helgi Bernóðusson aðstoðarskrifstofustjóri.

Karl M. Kristjánsson rekstrar- og fjármálastjóri.

##### Almenn skrifstofa:

Þorsteinn Magnússon forstöðumaður.

Hafdís Þórólfsdóttir ritari.

##### Þingfundasvið:

Vigdís Jónsdóttir forstöðumaður.

Berglind Karlsdóttir fulltrúi.

Berglind Steinsdóttir ræðulesari.

Björgvin Kemp tæknistjóri.

Hlöðver Ellertsson ræðulesari.

Jón E. Böðvarsson ritstjóri.

Jón Ólafsson ræðuritari.

Jóna Guðmundsdóttir ræðulesari.

Kjartan H. Grétarsson ræðulesari.

María Gréta Guðjónsdóttir ritstjóri.

Pétur Einarsson umsjónarmaður skjalageymslu.

Sigurður Jónsson aðstoðarforstöðumaður.

Sigurlín Hermannsdóttir ritstjóri.

Svanhildur Edda Þórðardóttir ræðulesari.

Sverrir Herbertsson umsjónarmaður skjalageymslu.

Úlfar Sveinbjörnsson upptökustjóri.

Guðný Ágústsdóttir ritari (skönnun Alþingistíðinda).

Magnús Albert Sveinsson verkefnisstjóri (skönnun Alþingistíðinda).

Sigríður Guðmundsdóttir ritari (skönnun Alþingistíðinda).

##### Nefndasvið:

Hafdís Ólafsdóttir forstöðumaður.

Ágúst Geir Ágústsson nefndarritari.

Álfhildur Álfþórsdóttir skjalalesari.  
Bjarnís Gunnarsdóttir matráðskona.  
Einar Farestveit aðstoðarforstöðumaður.  
Elín Valdís Þorsteinsdóttir nefndarritari.  
Eva Margrét Ævarsdóttir nefndarritari.  
Friðrik Magnússon skjalalesari og  
umsjónarmaður lagasafns.  
Guðmundur Guðbergsson umsjónar-  
maður pósthjónustu.  
Guðrún Þóra Guðmannsdóttir ritstjóri.  
Hanna Sigríður Garðarsdóttir aðstoðar-  
matráðskona.  
Haukur Hannesson skjalalesari.  
Helga E. Þórisdóttir nefndarritari.  
Hugrún R. Hólmgeirsdóttir skjalalesari.  
Kristjana Benediktsdóttir skjalavörður.  
Ragnheiður Sumarliðadóttir umsjónar-  
maður.  
Sigrún Brynja Einarsdóttir nefndarritari.  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir ritari.  
Sigurður R. Sigurjónsson nefndarritari.  
Svala Valdemarsdóttir ritstjóri.  
Þórdís G. Kristleifsdóttir skjalalesari.

#### Upplýsinga- og tækni svið:

Haukur Arnþórsson forstöðumaður.  
Bragi Þorgrímur Ólafsson  
upplýsingafræðingur.  
Garðar Adólfsson kerfisstjóri.  
Guðbjörg Kjartansdóttir fulltrúi.  
Guðný Ragnarsdóttir bókasafns- og  
upplýsingafræðingur.  
Guðríður Bryndís Jónsdóttir fulltrúi.  
Hildur Gróa Gunnarsdóttir upplýsinga-  
fulltrúi.  
Ingvi Stígsson gagnagrunnsstjóri.  
Kristín Geirsdóttir deildarstjóri.  
Solveig K. Jónsdóttir deildarstjóri.  
Sveinn Ásgeir Jónsson net- og  
kerfisstjóri.  
Viggó K. Gíslason bókasafns- og  
upplýsingafræðingur.  
Þorbjörg Árnadóttir tölvukennari.  
Hörður Hauksson tölvunarfræðingur  
(endurgerð upplýsingakerfa).  
Stefán Freyr Stefánsson tölvunarfræðingur  
(endurgerð upplýsingakerfa).

#### Þjónustusvið:

Ólöf Þórarinsdóttir forstöðumaður.  
Anna Albertsdóttir sendill.  
Anton Þór Hjartarson þingvörður.  
Bentína Haraldsdóttir umsjón, símvarsla  
og ræsting.  
Bentína Jónsdóttir ræsting.  
Elín Rut Guðnadóttir þingvörður.  
Erna Sampsted ræsting.  
Geirfinna Óladóttir ritari.  
Guðbjörg Erlín Guðmundsdóttir  
ræsting.  
Guðfinna Gísladóttir þingvörður.  
Guðlaugur Ágústsson deildarstjóri.  
Gunnhildur Geirsdóttir þingvörður.  
Guðríður Sigurðardóttir ræsting.  
Gunnar Már Jóhannsson næturvörður.  
Heinz H. Steimann næturvörður.  
Hlynur Þór Gestsson næturvörður.  
Hrefna Sigurðardóttir ræsting.  
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir símvörður.  
Jensína Stefánsdóttir framreiðslukona.  
Jóhanna Guðfinnsdóttir ræsting.  
Jóhanna Gunnarsdóttir ræsting.  
Jón Elías Gunnlaugsson næturvörður.  
Kristján Vignir Hallsson næturvörður.  
Magnúsína Valdemarsdóttir símvörður.  
Margrét Ósk Árnadóttir ritari.  
María Ditas de Jesus þingvörður.  
Ólafía K. Jónsdóttir ritari.  
Ólöf Guðmundsdóttir ræsting.  
Rakel Viggósdóttir ritari.  
Rannveig Haraldsdóttir ritari.  
Rannveig Haraldsdóttir símvörður.  
Regína Óskarsdóttir ritari.  
Sigríður Guðmundsdóttir símvörður.  
Sigríður Völundardóttir þingvörður.  
Sigurlaug Magnúsdóttir símvörður.  
Svana Björnsdóttir framreiðslukona.  
Sveinborg Steinunn Olsen ræsting.  
Þorbjörg Sigríður Þorsteinsdóttir  
matráðskona.  
Þorgeir Jónsson ljósritun.  
Þormóður Sveinsson þingvörður.  
Þórir J. Hall þingvörður.

#### Rekstrarskrifstofa:

Páll Haraldsson forstöðumaður.  
Ágúst Karlsson aðalbókari.  
Fjóla Valdimarsdóttir gjaldkeri og  
launaritari.  
Hildur Björnsdóttir ritari.  
Katrín Hermannsdóttir fulltrúi.  
Ólafur G. Thorarensen umsjónarmaður  
fasteigna.  
Ragnar Bragason aðstoðarmaður  
umsjónarmanns fasteigna.

#### Alþjóðasvið:

Belinda Theriault forstöðumaður.  
Andri Lúthersson alþjóðaritari.  
Erla Nanna Jóhannesdóttir fulltrúi.  
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir  
alþjóðaritari.  
Stígur Stefánsson alþjóðaritari.

## Húseignir Alþingis 2003



Endurbætur voru gerðar í forsal á 1. hæð Alþingishússins sumarið 2003.

Starfsemi á vegum Alþingis fór fram í 11 húseignum í miðborg Reykjavíkur árið 2003. Að auki er Jónshús í Kaupmannahöfn í eigu Alþingis, svo og fræðimannsíbúð sem starfrækt er í tengslum við Jónshús. Þá leigir Alþingi geymsluhúsnæði við Ægisgötu. Í eigu Alþingis er allur reiturinn sem markast af Kirkjustræti, Templarasundi, Vonarstræti og Tjarnargötu, ef frá er talið Vonarstræti 10 sem er í eigu Oddfellow-reglunnar. Þetta svæði er gjarnan kallað „Alþingisreiturinn“. Alþingishúsið er við Kirkjustræti 14, viðbyggingin Skálinn, ásamt bílakjallara, er við Kirkjustræti 12, en við Kirkjustræti standa þrjú önnur hús Alþingis, þ.e. nr. 8, Skjaldbreið, nr. 8b, Blöndahlshús, og nr. 10, Kristjánshús. Blöndahlshús og Kristjánshús voru endurgerð 1996 og tekin í notkun fyrir starfsemi Alþingis. Skjaldbreið er ekki lengur í notkun og er fram-

tíð þess húss óráðin. Þá á Alþingi tvö hús við Vonarstræti, nr. 8 og 12. Í Vonarstræti 8 er nú eingöngu starfsemi þingfundasviðs (þingræður). Skrifstofur þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins eru í Vonarstræti 12. Einnig er Þórshamar við Templarasund 5 í eigu Alþingis. Þar er nú skjalaafgreiðsla þingsins, bókasafn, upplýsingaþjónusta, almannatengsladeild og tölvudeild.

Alþingi leigir skrifstofuhúsnæði við Austurstræti. Í Austurstræti 8–10 leigir þingið 2.–5. hæð. Þar eru skrifstofur nefndasviðs, fundarherbergi fastanefnda og skrifstofur þingmanna Sjálfstæðisflokks. Þá eru 2. og 3. hæð í Austurstræti 10A leigðar. Fjárlaganefnd er á 2. hæð og skrifstofur þingmanna Framsóknarflokks eru á 3. hæð. Þá er 5. hæð í Austurstræti 12 leigð fyrir alþjóðasvið skrifstofu Al-

þingis og 4. hæðin í sama húsi fyrir þingflokk Samfylkingarinnar sem einnig er á 2.–4. hæð í Austurstræti 14.

Húsnæði Alþingis hefur þótt óhentugt sökum þess hve dreifð starfsemin er. Fyrirhugað er að reisa framtíðarhúsnæði Alþingis á „Alþingisreitnum“ og selja og losa úr leigu húsnæði utan reitsins. Fastmótaðar áætlanir liggja þó ekki enn fyrir um hvenær og hvernig uppbyggingin verður. Bygging Skálans var hugsuð sem 1. áfangi í framtíðaruppbyggingu Alþingis.

Árið 2003 var hafin vinna við gagngerar endurbætur og endurnýjun í Alþingishúsinu. Endurbætur voru gerðar á forsal á 1. hæð Alþingishússins og á jarðhæð Kringlu, viðbyggingar við Alþingishúsið frá 1908.

## UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Umboðsmaður Alþingis starfar samkvæmt lögum nr. 85/1997. Hlutverk hans er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnýsly ríkis og sveitarfélaga og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins.

Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að eigin frumkvæði. Nánar er kveðið á um hlutverk umboðsmanns í reglum nr. 82/1988, um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis, sbr. reglur nr. 106/1994. Umboðsmaður Alþingis er kjörinn til fjögurra ára í senn. Á haustþingi 2003 var Tryggvi Gunnarsson endurkjörinn umboðsmaður Alþingis til fjögurra ára frá 1. janúar 2004 að telja. Starfsmenn umboðsmanns Alþingis voru átta í árslok 2003.

## RÍKISENDURSKOÐUN

Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar og lögum nr. 86/1997. Meginhlutverk stofnunarinnar er að endurskoða ríkisreikning og reikninga þeirra sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins. Enn fremur skal hún annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Þá getur stofnunin m.a. framkvæmt stjórnýsly- og umhverfisendurskoðanir.

Forsætisnefnd Alþingis ræður ríkisendurskoðanda til sex ára í senn. Sigurður Þórðarson var endurráðinn í embætti



Úr vinnustofu fyrir fræðimann í Jónshúsi.

ríkisendurskoðanda til sex ára frá og með 1. júlí 2004. Fastráðnir starfsmenn voru í árslok 2003 51 talsins. Enn fremur voru á sama tíma í gildi samningar við 12 löggilta endurskoðendur eða skrifstofur um endurskoðun ríkisfyrirtækja og stofnana.

## JÓNSHÚS Í KAUPMANNAHÖFN

Jónshús í Kaupmannahöfn hefur verið í eigu Alþingis frá árinu 1967 er Carl Sæmundsen stórkaupmaður gaf það í minningu Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur, en þau hjón bjuggu í húsinu frá árinu 1852 allt til dauðadags 1879. Húsið er við Øster-Voldgade 12. Árið 1970 hófst rekstur í húsinu. Þar er nú félagsheimili Íslendinga í Kaupmanna-

höfn, minningarsafn um Jón Sigurðsson og Ingibjörgu Einarsdóttur og bókasafn. Einnig hafa Stúdentafélagið, Íslendingafélagið og íslenski söfnuðurinn aðstoðu í húsinu. Þá er íbúð umsjónarmanns í húsinu, en þar var áður íbúð sendiráðsprests sem gegndi jafnframt stöðu umsjónarmanns. Árið 1991 var keypt íbúð við Skt. Paulsgade 70 fyrir fræðimann, en fræðimenn höfðu haft íbúð í Jónshúsi til þess tíma. Nú er vinnuherbergi fyrir fræðimann í Jónshúsi. Stjórn Jónshúss ber ábyrgð á rekstri hússins í umboði forseta Alþingis og forsætisnefndar. Sérstök nefnd úthlutar íbúðinni til fræðimanna eftir umsóknunum.

## Sérstök verkefni 2003

### ÞJÓÐVINA FÉLAGIÐ

Alþingi veitir Þjóðvinafélaginu árlega fjárstuðning til útgáfumála og annast bókhald þess. Þjóðvinafélagið var stofnað af Jóni Sigurðssyni 1871 og það heldur eitt félagi í landinu aðalfund sinn í fundarsal Alþingis.

### SKÖNNUN ALÞINGISTÍÐINDA

Alþingi rekur nú deild þriggja starfsmanna á Ólafsfirði sem annast skönnun eldri Alþingistíðinda. Verkið hófst árið 2002. Ætlunin er að gera eldri þingskjöl og ræður aðgengileg á vef Alþingis.







*Rekstur Alþingis*

## Rekstrargjöld

---

Fjárheimildir Alþingis á fjárlögum og fjáráukalögum 2003 námu samtals 1661,5 millj. kr. Útgjöld Alþingis, að frátöldum sértekjum, námu 1.614,0 millj. kr. Útgjöld voru því 47,5 millj. kr. innan fjárheimilda ársins. Almenn rekstrarútgjöld námu 1.334,3 millj. kr., rekstur og viðhald fasteigna 206,1 millj. kr. og stofnkostnaður við tæki og búnað 73,6 millj. kr. Framkvæmdir við Skála eru ekki meðtaldar. Almenn rekstrargjöld skiptast þannig: Bein útgjöld í tengslum við þingstörfin voru 796,1 millj. kr. Eru það laun alþingismanna, þingfararkaup og hvers konar bein útgjöld í tengslum við störf þeirra, innan lands og utan, þ.e. þingfararkostnaður. Enn fremur er talinn kostn-

aður við störf fastanefnda, alþjóðanefnda og erlend samskipti forsætisnefndar. Til þessa telst einnig prentun Alþingistíðinda og annarra skjala, svo og sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka. Launa- og starfs- tengd gjöld á skrifstofu Alþingis voru 370,6 millj. kr. Útgjöld við sérstök verkefni, m.a. rekstur Jónshúss í Kaupmannahöfn og fræðimannsíbúðar, styrkur til útgáfu á verkum Snorra Sturlusonar, kostnaður við skönnunarverkefni á Ólafsfirði og styrkur til Þjóðvinafélagsins o.fl., námu 19,7 millj. kr. Loks námu sameiginleg útgjöld, þar á meðal rekstur tölvu- og hugbúnaðar og ýmis skrifstofukostnaður, 147,9 millj. kr.



## Staðfesting forseta Alþingis og skrifstofu

Forseti Alþingis, skrifstofustjóri Alþingis og rekstrar- og fjármálastjóri staðfesta ársreikning Alþingis fyrir árið 2003 með áritun sinni.

Alþingi, 3. maí 2004



Friðrik Ólafsson  
skrifstofustjóri Alþingis



Halldór Blöndal  
forseti Alþingis



Karl M. Kristjánsson  
rekstrar- og fjármálastjóri

## Áritun endurskoðenda


Við höfum endurskoðað ársreikning Alþingis fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar 1–21. Ársreikningurinn er lagður fram af yfirstjórn Alþingis og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a. að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka, að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur, að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni, þar sem við á, og að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru birtar með ársreikningi.


Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Alþingis á árinu 2003, efnahag 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003 í samræmi við lög, reglur og góða reikningskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, 5. maí 2004



Sigurður Þórðarson  
ríkisendurskoðandi



Sigurjón I. Haraldsson

## Rekstrarreikningur fyrir árið 2003

Rekstrartekjur:	2003	2002
Sölutekjur .....	10.957.343	7.232.700
Aðrar tekjur .....	21.324.326	2.409.224
Tekjur alls	<u>32.281.669</u>	<u>9.641.924</u>
Rekstrargjöld:		
Alþingiskostnaður .....	653.683.252	521.945.730
Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka .....	50.400.002	46.200.000
Fastanefndir .....	104.442.036	100.869.342
Alþjóðasamstarf .....	101.563.331	121.455.487
Almenn skrifstofa .....	43.518.429	37.453.255
Rekstrarskrifstofa .....	51.060.631	47.978.180
Þingfundasvið .....	90.062.292	97.245.321
Upplýsinga- og tæknisvið .....	111.358.215	110.947.020
Þjónustusvið .....	140.726.728	140.665.176
Sérverkefni .....	21.188.113	22.383.407
Rekstur fasteigna .....	132.192.874	116.470.768
	<u>1.500.195.902</u>	<u>1.363.613.686</u>
Viðhald fasteigna .....	73.926.016	29.215.736
Stofnkostnaður .....	73.559.934	13.904.901
Gjöld alls	<u>1.647.681.852</u>	<u>1.406.734.323</u>
Tekjuafgangur (halli) án fjármagnsliða .....	<u>( 1.615.400.184)</u>	<u>( 1.397.092.400)</u>
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) .....	<u>1.393.435</u>	<u>987.100</u>
Tekjuhalli án ríkisframlags .....	<u>( 1.614.006.749)</u>	<u>( 1.396.105.300)</u>
Ríkisframlag .....	<u>1.661.500.000</u>	<u>1.461.200.000</u>
Tekjuafgangur	<u>47.493.251</u>	<u>65.094.700</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2003

Eignir:	2003	2002
<b>Áhættufé:</b>		
Hlutfé Intís hf. ....	<u>92.000</u>	<u>92.000</u>
<b>Veltufjármunir:</b>		
Ríkissjóður .....	53.204.873	42.483.165
Gjafabirgðir .....	1.007.761	396.919
Viðskiptakröfur .....	9.292.922	9.553.784
Handbært fé .....	<u>54.697.035</u>	<u>12.301.051</u>
Veltufjármunir alls	<u>118.202.591</u>	<u>64.734.919</u>
Eignir alls	<u>118.294.591</u>	<u>64.826.919</u>
<b>Eigið fé og skuldir:</b>		
<b>Höfuðstóll:</b>		
Höfuðstóll í ársbyrjun .....	33.349.666	( 31.745.034)
Endurmat fært á höfuðstól .....	59.938	
Tekjuafgangur ársins .....	<u>47.493.251</u>	<u>65.094.700</u>
Höfuðstóll alls	<u>80.902.855</u>	<u>33.349.666</u>
<b>Annað eigið fé:</b>		
Endurmatsreikningur .....	0	59.938
Framlag til eignamyndunar .....	<u>92.000</u>	<u>92.000</u>
Annað eigið fé	<u>92.000</u>	<u>151.938</u>
Eigið fé í árslok	<u>80.994.855</u>	<u>33.501.604</u>
<b>Langtímaskuldir:</b>		
Realkredit Danmark .....	<u>4.551.852</u>	<u>4.530.098</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>		
Ríkissjóður		
Viðskiptaskuldir .....	<u>32.747.884</u>	<u>26.795.217</u>
	<u>32.747.884</u>	<u>26.795.217</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u>118.294.591</u>	<u>64.826.919</u>

# Skýringar með ársreikningi 2003 (útdráttur)

## Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur Alþingis er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 144/1994, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanir eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

## Fjárheimildir og rekstur

Framlög á fjárlögum til Alþingis námu 1.586,7 millj. kr. Viðbótarfjárheimild á fjárukalögum nam samtals 14,5 millj. kr. sem ráðstafað var til viðhalds Alþingishúss og endurbóta á Skála Alþingis. Launabætur námu 60,3 millj. kr. Fjárheimildir ársins námu þannig samtals 1.661,5 millj. kr., en útgjöld Alþingis umfram sértekjur námu 1.614,0 millj. kr. Útgjöld voru því 47,5 millj. kr. innan fjárheimilda ársins.

Fjárheimildir ársins 2003 skiptast eins og að neðan greinir eftir viðföngum (fjárhæðir í þús. kr.):

	Reikningur 2003	Fjárheimild 2003	Mismunur
Alþingiskostnaður .....	653.683	646.000	7.683
Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka .....	50.400	50.400	0
Fastanefndir .....	104.442	77.700	26.742
Alþjóðasamstarf .....	101.563	93.800	7.763
Almennur rekstur .....	436.726	499.300	( 62.574)
Sérverkefni .....	21.188	29.400	( 8.212)
Rekstur fasteigna .....	132.193	131.500	693
Viðhald fasteigna .....	73.926	64.000	9.926
Stofnkostnaður, tæki .....	73.560	77.000	( 3.440)
Fjármagnskostnaður .....	772		772
Samtals	1.648.453	1.669.100	( 20.647)
Sértekjur .....	( 34.447)	( 7.600)	( 26.847)
Mismunur	1.614.007	1.661.500	( 47.493)



## Tegundir gjalda

Gjöld ársins 2003 umfram tekjur námu 1.614.007 þús. kr. og skiptast þannig:

	2003	2002
Launakostnaður skrifstofu Alþingis .....	460.865.676	423.293.147
Þingfararkaup og þingfararkostn. aðal- og varamanna ...	569.750.338	436.508.241
Önnur gjöld .....	562.988.097	488.543.094
Tilfærslur .....	54.849.302	59.127.248
Gjöld samtals	1.648.453.413	1.407.471.730
Sértekjur .....	( 34.446.664)	( 11.366.430)
Gjöld umfram tekjur	1.614.006.749	1.396.105.300

Fjárhæðir eru á verðlagi hvors árs. Launakostnaður á skrifstofu Alþingis hækkaði milli árána 2002 og 2003 um 8,9%, þingfararkostnaður alþingismanna, varamanna og biðlaun hækkaði um 30,5% og önnur gjöld hækkuðu um 15,2%. Sértekjur hækkuðu um 203,1%. Rekstrargjöld stofnunarinnar að frádregnum sértekjum hækkuðu um 217,9 millj. kr. á milli ára eða um 15,6%.

## Launagjöld og tegundaskipting

Launagjöld Alþingis skiptast í meginráttum í þingfararkaup og starfskostnað alþingismanna og varamanna, biðlaun og laun starfsmanna Alþingis. Launakostnaður hjá Alþingi hækkaði um 170,8 millj. kr. á milli árána 2002 og 2003 eða um 19,9%. Þar af hækkaði launakostnaður alþingismanna um 134,6 millj. kr. eða 31,1% og launakostnaður starfsmanna Alþingis hækkaði um 36,2 millj. kr. eða 8,5%.

	2003	2002
<b>Alþingismenn:</b>		
Þingfararkaup og starfskostnaður .....	487.832.743	376.262.822
Launatengd gjöld .....	79.552.650	56.515.942
<b>Skrifstofa Alþingis:</b>		
Dagvinna .....	280.118.596	256.228.148
Vaktaálagsgreiðslur .....	4.354.621	3.964.127
Aukagreiðslur .....	77.698.365	69.813.702
Yfirvinna .....	23.182.736	28.086.637
Launatengd gjöld .....	77.876.303	68.930.010
	1.030.616.014	859.801.388

## SKULDBINDINGAR UTAN EFNAHAGS

### Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar fyrir alþingismenn og starfsmenn Alþingis eru áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs eru þær ekki færðar í ársreikningum einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur eru þær færðar í einu lagi hjá ríkissjóði. Lífeyrisskuldbinding fyrir starfsmenn Alþingis hefur ekki verið reiknuð sérstaklega.

## SUNDURLIÐANIR

### Alþingiskostnaður

Þingfararkaup er föst laun alþingismanna. Þingfararkostnaður, fastar greiðslur, er starfskostnaður, ferðakostnaður í kjördæmi og húsnæðis- og dvalarkostnaður. Þingfararkostnaður, aðrar greiðslur, er ýmis kostnaður samkvæmt reikningum tengdum alþingismönnum, s.s. símakostnaður, ferðakostnaður innan lands, dagblaðakaup, tryggingar o.fl. Á árinu 2003 hækkaði þingfararkaup um 7% frá 1. janúar og 18,7% frá 10. maí samkvæmt úrskurði Kjaradóms. Jafnframt voru greidd biðlaun til alþingismanna sem hættu þingmennsku eftir alþingiskosningararnar vorið 2003. Um hækkun á föstum þingfararkostnaði fer eftir ákvörðun forsætisnefndar Alþingis. Hann var hækkadur með hliðsjón af almennum verðlagsbreytingum.

	2003	2002
Þingfararkaup .....	464.603.217	337.896.207
Þingfararkostnaður, fastar greiðslur .....	105.147.121	98.612.034
Þingfararkostnaður, aðrar greiðslur .....	83.932.914	85.437.489
	<u>653.683.252</u>	<u>521.945.730</u>

### Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka

Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka er greiðsla Alþingis til þingflokka samkvæmt fjárlögum.

Þingflokkur Framsóknarflokksins .....	9.635.296	8.832.352
Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins .....	18.032.579	18.344.116
Þingflokkur Samfylkingarinnar .....	14.764.478	12.229.412
Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ....	4.713.802	4.755.884
Kristján Pálsson (utan flokka) .....	81.448	
Þingflokkur Frjálslynda flokksins .....	3.172.399	2.038.236
	<u>50.400.002</u>	<u>46.200.000</u>

## Alþjóðasamstarf

Kostnaður við alþjóðasamstarf Alþingis felst annars vegar í rekstri skrifstofu alþjóðasviðs og hins vegar í kostnaði við starfsemi alþjóðanefnda, auk alþjóðasamstarfs á vegum forseta og forsætisnefndar. Útgjöld við alþjóðanefndir þingsins eru fyrst og fremst ferðakostnaður, kostnaður við ráðstefnuhald og þátttökugjöld.

	2003	2002
Skrifstofa alþjóðasviðs .....	28.202.371	26.154.948
Íslandsdeild Norðurlandaráðs .....	14.887.240	14.274.686
Íslandsdeild NATO-þingsins .....	4.217.970	6.339.950
Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins .....	7.935.773	8.058.902
Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA .....	6.884.824	6.319.183
Alþjóðáþingmannasambandið .....	5.454.947	5.219.512
Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins .....	8.669.887	8.412.098
Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna .....	2.905.595	3.254.884
Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu .....	2.764.158	2.600.521
Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins .....	1.716.018	1.796.409
Ráðstefnur og fundir á Íslandi .....	0	7.943.241
Tímabundin verkefni .....	0	4.630.500
Á vegum forsætisnefndar .....	14.202.291	23.828.684
Annað erlent samstarf .....	3.722.257	2.621.969
	<u>101.563.331</u>	<u>121.455.487</u>

## Alþjóðasamstarf á vegum forseta

Útgjöld, sem falla undir alþjóðasamstarf á vegum forseta og forsætisnefndar, eru þrjúþætt. Í fyrsta lagi eru heimsóknir forseta Alþingis til erlendra þinga og aðrar opinberar heimsóknir sendinefnda frá Alþingi. Í öðru lagi eru móttökur erlendra gesta í boði Alþingis. Í þriðja lagi eru fundir og ráðstefnur erlendis sem fé er veitt til með sérstakri heimild forsætisnefndar. Heimsóknir erlendis og móttaka erlendra gesta tengist samstarfi forseta Alþingis og forsætisnefndar við forseta og forsætisnefndir annarra þjóðþinga. Ýmsir fundir og ráðstefnur erlendis fela í sér þátttöku einstakra þingmanna í þeim utan við reglulegt starf þingmannanefnda.

	2003	2002
Móttaka erlendra gesta .....	7.491.524	12.744.868
Ýmsir fundir og ráðstefnur erlendis .....	3.210.010	4.724.501
Heimsóknir erlendis .....	3.500.757	6.359.315
	<u>14.202.291</u>	<u>23.828.684</u>

